

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um öruggari gangbrautir

Sjálfstæðisflokkurinn í Borgarstjórn Reykjavíkur leggur til að ráðist verði í tilraunaverkefni fyrir komandi haust til að auka öryggi gangandi vegfarenda í umferðinni með nýrri tækni við gangbrautir borgarinnar. Þetta er þáttur í snjallvæðingu Reykjavíkurborgar með umferðaröryggi að leiðarljósi fyrir alla vegfarendur. Valdir verði fimm staðir þar sem sett verði upp ný gerð gangbrautarlýsingar og merkinga. Um er að ræða tæknibúnað sem skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá LED götulýsingu, sem sett er upp þannig að einungis gangbrautin og sá sem fer yfir verða lýstir upp. Einnig kviknar lýsing í gangbrautarmerkinu og viðvörðunarljós fyrir akandi umferð. Þessi tækni er þekkt erlendis og gagnast vel í skammdeginu í nyrstu höfuðborginni; Reykjavík. Áætlaður kostnaður við búnaðinn er innan við tíu milljónir króna fyrir alls fimm staði í borginni, en lagt er til að skipulagssviði verði falið að auglýsa eftir áhugasömum aðilum. Ef vel tekst til gæti þetta verið upphafið að stórátaki til að auka öryggi óvarinna vegfarenda í Reykjavík verulega og um leið að stuðla að nútímavæðingu borgarinnar í þessum efnunum.

Greinargerð

Öryggi gangandi og annarra óvarinna vegfarenda hefur mikið verið í umræðunni undanfarinn misseri í Reykjavík. Hverfaráð borgarinnar, foreldrafélög, íbúasamtök og aðrir hafa ítrekað bent á þörf á stóru átaki í þessum efnunum. Mikilvægt er að hafa öryggi gangandi vegfarenda í forgangi með því að fylgja umferðarlögum og bestu aðferðum til að auka öryggi og fylgja þeim aðferðum sem bestar eru hvað þetta varðar. Það á við hvort sem um er að ræða stór eða lítil sveitarfélög um allt land. Þessi tillaga er lögð fram til að Reykjavík taki forystu í öryggi gangandi vegfarenda á landsvísu sem höfuðborg.

Í umferðarlögum er talað um „gangbrautir“ sem eru merktar með gangbrautarmerkjum D02.11 og zebra-brautum máluðum á yfirborð, sem hafa lögformlega skyldu á ökumenn að gefa gangandi vegfarendum forgang og stöðva skilyrðislaust. Aðrar stýringar eru umferðarljós eða stjórnun lögreglu. Engar aðrar aðferðir eru tilgreindar í umferðarlögum. Á undanförunum árum hafa komið fram margar tæknilausnir sem gera öryggi gangandi vegfarenda mun öruggara. Þar má nefna hreyfiskynjara, LED lýsingu, upplýst gangbrautarmerki o.fl. Með þessari tillögu er ætlunin að gera tilraun með það sem best gerist til að auka öryggi allra vegfarenda og taka forystu í innleiðingu á bestu tækni sem völ er á. Reykjavíkurborg hefur þegar sett sér markmið um „snjallborgina Reykjavík“, þar sem nýjar lausnir og tölvuvæðing er notuð til að auka öryggi og þjónustu við borgarbúa. Þessi tillaga uppfyllir þau markmið fullkomlega og ætti að skila árangri og niðurstöðum á mjög stuttum tíma og með litlum tilkostnaði. Þessar lausnir hafa verið kynntar á nokkrum stöðum og fengið góðar undirtektir. Má þar nefna lögregluna og Vegagerðina.

Í verkefninu verði valdir 5 staðir í borginni til að prófa tæknilausnir sem henta við mismunandi aðstæður. Þessir staðir væru valdir í samstarfi við lögregluna, Vegagerðina og Reykjavíkurborg, þannig að vísbendingar fengjust á skömmum tíma, þannig að hægt væri að stíga næstu skref. Valdir væru staðir fyrir haustið til að prófa þessar lausnir, t.d. við umferðarmikla slysaðaði, skóla, ferðamannastaði o.fl. Kostnaður við kaup á búnaði í þessu sambandi hefur verið kannaður og reynist hann vera vel innan við 10 milljónir fyrir allt að fimm prófunarstaði auk uppsetningarkostnaðar.